

AUGLÝSING

94

31. maí

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið hefur í dag, samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921, staðfest byggingarsamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sem birt var með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948, með síðari leiðréttingum, að öðru leyti en því, sem hér segir:

I. kafli 1. gr. 2. liður fellur brott. Í staðinn kemur: Þyki lóðareiganda eða lóðar-leigjanda rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar, er honum heimilt að skjóta henni til bæjarstjórnar og til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs.

Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

I. kafli 2. gr. 1. liður. Fyrsta málsgrein fellur brott. Í staðinn kemur: Byggingarnefnd skipa 6 menn: bæjarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri, tveir menn kosnir hlutfallskosningu innan bæjarstjórnar, en 2 menn utan, einnig kosnir af bæjarstjórn árlega samtímis öðrum föstum nefndum.

2. málsg. orðið „slökkviliðsstjóri“, fellur brott.

II. kafli 4. gr. 7. liður. Í 4. línu „...“ skal vera 42.0×59.4 eða 59.4×84.1 cm og sé á ...“ fellur brott. Í staðinn kemur: skal vera 42.0×59.4, 59.4×84.1 cm eða aðrar DIN-A stærðir, og sé á ... Síðasta málsgrein: „Standi alveg ...“ fellur brott.

II. kafli 4. gr. 11. liður. Síðasta málsgreinin „Þessar tilkynningar ...“ fellur brott og í stað kemur: og hafi þeir ritað nöfn sín á uppdrátt þann, er geymist í skjalasafni nefndarinnar.

XV. kafli 36. gr. 1. liður breytist þannig: Fyrir leyfi til að reisa hús eða breyta skal greiða í bæjarsjóð 75 aura fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins. Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telst hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 50 krónur.

XV. kafli 36. gr. 2. liður fellur brott.

XV. kafli 36. gr. 3. liður. Í stað „15 krónur“, kemur: 50 krónur.

XV. kafli 36. gr. 4. liður 4 lína. Í stað „10 krónur“, kemur: 50 krónur.

XV. kafli 36. gr. 6. liður breytist þannig: Ofangreindar upphæðir eru miðaðar við verðlagsvísitölu 100. Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta með álagi samkvæmt meðal verðlagsvísitölu næsta árs á undan.

XVI. kafli 37. gr. 1. liður breytist þannig: Samþykkt þessi gildir fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

XVI. kafli 38. gr. Í síðustu málsgrein fellur brott „eða oddvita“.

XVI. kafli 40. gr. breytist samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.